

Mýrdalshreppur
Ásgeir Magnússon
Austurvegi 17
870 Vík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. maí 2014
Tilvísun: UST20140400323/mik

Takmarkanir á umferð um Dyrhólaey 9. maí til 25. júní 2014

Samkvæmt auglýsingu nr. 101/1978 um friðlýsingu Dyrhólaeyjar hefur Umhverfisstofnun heimild til að takmarka umferð um Dyrhólaey á tímabilinu 1. maí til 25. júní. Í 4. tölulið auglýsingarinnar er lýtur að reglum um friðlandið segir: „Umhverfisstofnun getur þó takmarkað ferðir þangað á tímabilinu 1. maí til 25. júní“. Undanfarin ár hefur takmörkun umferðar um friðlandið verið með mismunandi hætti á ofangreindu tímabili og hefur rökstuðningur fyrir þeirri takmörkun verið vernd fuglalífs í Dyrhólaey.

Þann 28. apríl sl. var farin vettvangsferð í Dyrhólaey í þeim tilgangi að skoða ástand fuglalífs undir stjórn Arnórs Þóris Sigfússonar, fuglafræðings. Með í för var Ingibjörg Eiríksdóttir, sérfræðingur á Umhverfisstofnun. Í minnisblaði um vettvangsferðina koma fram áþekk sjónarmið og áður hafa komið fram í minnisblöðum undanfarin ár frá fuglafræðingi.

Í niðurlagi minnisblaðsins segir „Æðarvarp ætti að geta þrífist vel í eygni jafnframt umferð manna ef henni er stýrt frá viðkvæmustu stöðum. Til þess að svo megi verða er ítrekað að leggja þarf mikla áherslu á eyðingu refa og minka, hlúa vel að æðarvarpi þar sem það er þéttast fyrir og nýtur verndar og tryggja góða landvörslu auk næturlokunar á varptíma þegar ekki er landvörður í eygni. Áfram æti að halda á þeirri braut sem fylgt hefur verið undanfarin ár með auknum framkvæmdum við stíga, vegi og skilti sem munu geta leitt til aukinnar verndar í sátt við stýrða umferð manna um svæðið og bæta nýtingu til frambúðar“.

Umsögn um minnisblað fuglafræðings barst frá sveitarfélaginu Mýrdalshrepp og Evu Dögg Þorsteinsdóttur, Garðakoti í Dyrhólahverfi. Sveitarfélagið Mýrdalshreppur tekur undir minnisblað Arnórs og telur að með góðri landvörslu og stýrðri og skipulagðri umferð fólks um eyrna megi tryggja að varp verði ekki fyrir ónæði. Þá telur sveitarfélagið að umferð fólks um friðlandið sé líkleg til að halda ref frá eygni, og góð landvarsla á að geta séð til þess að gestir virði umgengnisreglur og haldi sig frá viðkvæmustu varplöndunum. Þá tekur sveitarfélagið undir það sjónarmið sem fram kemur í skýrslu Dr. Arnórs að umferð um Háey hafi ekki áhrif á æðarvarp í eygni, eingöngu þurfi að tryggja að ekið verði beina leið upp á Háeyna. Í umsögn Evu Daggar Þorsteinsdóttur kemur fram að fuglinn þurfi algert næði fyrir gangandi og akandi umferð þegar hann er að setjast upp, svo eftir það liggur hann sem fastast á hreiðrunum, sérstaklega á það við um kolluna upp á Lágey. Enn fremur segir Eva Dögg að mikilvægt sé að kollan nái að setjast upp og komast á hreiður sem allra fyrst, helst í lok apríl, en tímabilið sem hún er hvað styggust er hugsanlega um 3-4 vikur. Varðandi refinn bendir Eva Dögg á að þeir séu að leggjast á greni á þessu tímabili en að tófan geti verið fljót að færa sig um set og fari hratt yfir. Sáist hafi til tófu á svæðinu nýverið og að veiðimann hafi reynt að ná þeim en orðið fyrir truflun ferðamanna.

Eva Dögg telur því þó svo að fullt af fólki sé á svæðinu yfirgefi tófan ekki svæðið og því muni ferðamaðurinn ekki vernda fuglalífið fyrir tófu.


Í III. kafla náttúruverndarlaga nr. 44/1999 er að finna ákvæði um rétt almennings til að fara um landið. Í 1. mgr. 12. gr er sett fram sú meginregla að almenningi sé heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi en þessum rétti fylgir sú skylda að ganga vel um náttúru landsins og sýna ítrustu varkárni þannig að henni verði ekki spillt.

Frekari fyrirmæli er að finna í 13. gr. laganna vegna farar um landið og umgengni en krafa er um að almenningur verði að sýna landeigenda og öðrum rétt höfum lands fulla tillitssemi og virða hagsmuni þeirra. Tilgreint er að fara skuli eftir merktum leiðum og vegum eftir því sem auðið er og sérstaka aðgát í nánd við búsmala, sellátur, varplönd fugla, veiðisvæði og veiðistaði. Í náttúruverndarlögum er þannig skýrt kveðið á um rétt almennings til fara um óræktað land utan byggðar. Almennaréttur er byggður á fornum norrænum venjurétti og byggir á hugmyndinni um frjálstan aðgang almennings að mikilvægum náttúrulegum gæðum. Umhverfisstofnun vísar til niðurstöðu nefndar sem falið var að vinna að heildarskoðun náttúruverndarlaga um að brýnt sé að standa vörð um almannaréttinn enda helgast hann af því viðhorfi að náttúra Íslands sé sameiginleg gæði landsmanna sem öllum sé jafnfrjálst að njóta. Réttinum fylgi hins vegar skyldur um góða umgengi og tillitsemi gagnvart landeigenda. Nefndin benti á að í nútímasamfélagi er mikilvægasti þáttur almannaréttarins líklega sá að eiga kost á að njóta útivistar í náttúrunni og leita þangað kyrrðar og næðis. Nefndin taldi að styrkja bæri stöðu almannaréttar í náttúruverndarlögum með því að kveða skýrar á um hann í markmiðsákvæðum laganna. Í náttúruverndarlögum er jafnframt að finna heimild í 4. mgr. 32. gr. laganna þar sem Umhverfisstofnun eða öðrum umsjónarmönnum náttúruverndarsvæðis er heimilt að setja sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á náttúruverndarsvæðum. Þessi heimild gefur Umhverfisstofnun þannig sértæka heimild til að setja reglur um umferð manna og dvöl á náttúruverndarsvæðum. Náttúruverndarlög gera þannig ráð fyrir að Umhverfisstofnun beri að hafa í huga við ákvarðanatöku um umferð manna og dvöl á náttúruverndarsvæðum hinn forna almannarétt en að jafnframt sé heimilt að takmarka hann til að tryggja vernd mikilvægra hagsmuna á friðlýstum svæðum. Mat á hversu viðamikilli takmörkun á almannarétti stofnunin beitir verður því alltaf háð því að ekki sé beitt fortaklausri lokun nema önnur vægari úrræði sem ná sama markmiði séu ekki fær.

Með vísun í framangreint minnisblað fuglafræðings, reynslu í stýringu ferðamanna og reynslu af stöðu fuglavarps í Dyrhólaey undanfarin ár hefur Umhverfisstofnun ákveðið að eftirfarandi háttur verði á stýringu umferðar um Dyrhólaey frá 9. maí til 25. júní 2014. Á tímabilinu 9. maí 2014 til 25. júní 2014 verður Háey Dyrhólaeyjar lokað fyrir akandi umferð en opið inn á Lágey milli kl. 09.00 til 19.00. Umferð gangandi almennings er heimil um Lágey og Háey eftir merktum göngustígum milli kl. 09.00 til 19.00 á þeim tíma. Friðlandið er lokað á kvöldin og yfir nóttina frá kl. 19:00 til kl. 09:00 frá 9. maí. Frá 25. júní 2014 er svæðið opið allan sólarhringinn.

Heimilt er að kæra ákvörðun þessa í samræmi við 74. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 til umhverfis- og auðlindaráðherra innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Sviðsstjóri


Kristín L. Árnadóttir
Forstjóri

Samrit: Matthildur Ólafsdóttir Valfells, Þorsteinn Gunnarsson

Afrit: Ágúst Valfells, Eva Dögg Þorsteinsdóttir